



Borgarráð

Reykjavík, 24. mars 2025

MSS22060144

Tillaga nefndar um tilnefningar og kosningar til stjórnar fyrirtækja í eigu Reykjavíkurborgar – Félagsbústaðir hf.

Lagt er til að borgarráð, og eftir atvikum borgarstjórn, samþykki hjálagða tillögu nefndar um tilnefningar og kosningar til stjórnar fyrirtækja í eigu Reykjavíkurborgar, dags. 21. mars sl., um skipan fulltrúa Reykjavíkurborgar í stjórn Félagsbústaða hf.

Málið er trúnaðarmál fram yfir aðalfund Félagsbústaða hf. sem haldinn verður 27. mars 2025.

Heiða Björg Hilmisdóttir
borgarstjóri

Hjálagt:

Tillaga nefndar um tilnefningar og kosningar til stjórnar fyrirtækja í eigu Reykjavíkurborgar, dags. 21.03.2025.

Tillaga tilnefningarnefndar borgarráðs Reykjavíkur – Háður fulltrúi í varastjórn Félagsbústaða hf.

1. Skipun tilnefningarnefndar

Á fundi borgarráðs þann 6. mars 2025 var samþykkt eftirfarandi tillaga um skipan í tilnefningarnefnd borgarráðs:

Sanna Magdalena Mörtudóttir, formaður

Dóra Björt Guðjónsdóttir

Einar Þorsteinsson

Hildur Björnsdóttir

Borgarstjóri situr einnig í nefndinni og fer með eigendafyrirsvar Reykjavíkur

Þorsteinn Gunnarsson borgarritari situr fundi nefndarinnar. Sandra Dröfn Gylfadóttir lögfræðingur á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara ritar fundargerðir nefndarinnar.

Samkvæmt Almennri eigandastefnu Reykjavíkurborgar hefur tilnefningarnefnd það hlutverk að rýna og gera tillögu til borgarráðs um tilnefningar og kosningar til stjórna fyrirtækja sem falla undir eigandastefnuna, sem og annarra ráða og nefnda þeirra sem eigendur tilnefna og/eða kjósa til slíkra starfa (trúnaðarstöður fyrirtækjanna).

2. Tilnefningar í stjórnir

Við kosningu í stjórnir einkaréttarlegra fyrirtækja skal miðað við að meirihluti stjórnarmanna sé óháður fyrirtækinu og stjórnendum þess. Í 5 manna stjórn skal ennfremur miðað við að a.m.k. tveir af framangreindum stjórnarmönnum séu jafnframt óháðir Reykjavíkurborg. Kjörnir fulltrúar Reykjavíkur og starfsmenn Reykjavíkurborgar teljast ekki óháðir Reykjavíkurborg, en að öðru leyti skal miðað við óhæði samkvæmt skilgreiningu Leiðbeininga Viðskiptaráðs hverju sinni.

Fyrir liggur að ekki fer fram stjórnarkjör á aðalfundi Félagsbústaða 27. mars nk. Á aukaaðalfundi Félagsbústaða hf. sem haldinn var 2. febrúar 2023 voru gerðar breytingar á samþykktum vegna stjórnarkjörs. Kjörnir voru fimm stjórnarmenn, tveir háðir til ársins 2026 og þrír óháðir til 2024. Á aðalfundi Félagsbústaða hf. 2024 voru að nýju kjörnir 3 óháðir stjórnarmenn og varamenn til 2028.

3. Tillaga tilnefningarnefndar

Fyrir liggur að tilnefna og kjósa einn háðan fulltrúa í varastjórn Félagsbústaða hf. fyrir aðalfund 27. mars 2025, í stað Rannveigar Ernudóttur, sem hefur sagt sig úr varastjórn félagsins.

Tillaga tilnefningarnefndar er að Oktavía Hrund Guðrúnar Jóns verði kjörið varamaður í stjórn Félagsbústaða hf.

4. Umboð eigendafyrirsvars og endurskoðun tilnefningarnefndar

Tilnefningarnefnd leggur til að eigendafyrirsvari Reykjavíkurborgar verði veitt umboð til að koma fram fyrir hönd Reykjavíkurborgar á aðalfundi Félagsbústaða hf. og tilnefna eða kjósa framangreindan háðan einstakling fyrir tímabilið 2025 til 2026.

Samþykkt á fundi tilnefningarnefndar, 21. mars 2025